


**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/2469**  
**komudagur 2.5.2008**



**SAH Afurðir ehf.**

Húnabraut 39  
540 Blönduós  
ICELAND

Sími/Tel: (+354) 455 2200  
Fax: (+354) 455 2201

E-mail: sah@sahun.is  
www.sahun.is

Kennitala: 590106-0700  
Vsk.nr. 89270

Blönduósi 28. apríl 2008

Nefndarsvið Alþingis

B.t. Landbúnaðarnefnd

Umsögn SAH Afurða um : Þskj. 825 — 524. mál.

**Frumvarp til laga**  
**um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum**  
**frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á**  
**reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002**  
**frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.**  
(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)


Almennt um þetta frumvarp má segja að það feli í sér upptöku á matvæla­reglugerð ESB. Þar með opnast fyrir óheftan innflutning á fersku kjöti og kjötvörum til Íslands, og eingöngu er treyst á tollvernd til verndar innlendum iðandi.

Hætt er við að samþykkt frumvarpsins og óumflýjanlegur stóraukinn innflutningur á fersku kjöti og kjötvörum stefni í voða þúsundum starfa innan landbúnaðar og úrvinnslu landbúnaðarafurða, t.d. í norðvestur- og norðausturkjördæmum einum saman hafa um 10.000 manns atvinnu beint og óbeint af framleiðslu, úrvinnslu og þjónustu við matvælageirann.

Matvælavinnsla, hvort heldur sem er bein framleiðsla á bændabýlum eða slátrun, úrvinnsla og dreifing er einn af undirstöðu­atvinnuvegum norðvestur- og norðaustur kjördæma landsins og í raun landsbyggðarinnar allrar.

Þingmenn og aðrir framámenn tala oft og iðulega um að það þurfi að styrkja þessi svæði, t.d. hefur hagvöxtur í stórum hluta norðvesturkjördæmis verið hægur og jafnvel neikvæður um árabíl. En sitt er hvað orð og efndir. Í stað þess að renna styrkari stoðum undir matvæla­iðnað svæðisins sem stendur á um það bil aldargamalli hefð, þ.e. formleg úrvinnslufyrirtæki, þá er lagt fram frumvarp á Alþingi íslendinga sem mönnum ætti að vera ljóst að jafnast á við náttúruhamfarir af verstu gerð fyrir kjötframleiðslu og vinnslu í landinu öllu.

Eftirfarandi eru nokkur atriði sem þarfnast sérstakrar skoðunar:



## SAH Afurðir ehf.


Húnabraut 39  
540 Blönduós  
ICELAND

Sími/Tel: (+354) 455 2200  
Fax: (+354) 455 2201

E-mail: [sah@sahun.is](mailto:sah@sahun.is)  
[www.sahun.is](http://www.sahun.is)

Kennitala: 590106-0700  
Vsk.nr. 89270

- Því er haldið fram að tollvernd íslensks landbúnaðar og matvælavinnslu verði ekki felld niður. Ljóst er að hún byggist á pólitísku landslagi á hverjum tíma. Einnig er rétt að benda á að þar sem ferskt kjöt og kjötvörur er alla jafna dýrara en frosið, vegur tollverndin mun minna í endanlegu útsöluverði kjöts og kjötvara. Því til viðbótar eru tollar t.d. á ferskar kjúklingabringur lægri heldur en á frosnar. Það er því ekki rétt sem haldið hefur verið fram að tollar lækki ekki. Tollar lækka því hægt er að flytja inn kjöt á öðrum tollnúmerum sem bera lægri tolla. Því til viðbótar er magntollur föst krónutala, sem tekur ekki, eða hefur a.m.k. ekki til þessa verið uppfærð m.t.t. verðbólgu, og er því að rýrna að gildi sýnu í takt við verðbólgu.
- Því er með frumvarpi þessu verið að stórminnka tollverndina, með þeim fyrirsjáanlegu og ógnvænlegu afleiðingum að gera má ráð fyrir að erlent kjöt og kjötvörur nái allt að 30% markaðshlutdeild á innlendum kjötmarkaði á örfáum mánuðum, í stað um það bil 3% hlutdeildar á síðasta ári. Þetta helgast m.a. af því að engar líkur eru á að verslunin í landinu fái skilarétt á því ferska kjöti sem ekki selst áður en líftími þess rennur út. Þar af leiðandi mun verslunin stílla þessu innflutta kjöti og kjötvöru fram með þeim hætti að sú vara fær bestu staðsetningar í versluninni, mestu kynninguna og auglýsingarnar og verður haldið stífast að neytendum. Innland framleiðsla verður nánast til uppfyllingar.
- Ekki er gert ráð fyrir því að taka megi sýni úr innfluttu kjöti, fyrr en rökstuddur grunur liggur fyrir um að það sé sýkt. Með, öðrum orðum, áður en sýni er tekið þarf einhver að vera orðinn veikur, og búið að sanna að veikindi megi rekja til tiltekinnar kjötvöru. Ef sýni eru tekin áður en rökstuddur grunur liggur fyrir teljast það viðskiptahindranir.
- Áratuga barátta við salmonellu er gerð að engu. Vitað er að salmonella og camphylobacter eru viðloðandi í framleiðslu ákveðinna kjöttegunda í mörgum löndum ESB. Hér þekkjust þessar sýkingar varla lengur. Á innlendum iðnaður að berjast við að halda þessum sjúkdómum niðri ef þess þarf ekki í löndum ESB?
- Kúariða þekkist í mörgum löndum ESB þar á meðal Danmörku, staðfest er að hún finnst ekki á Íslandi, en eins og kunnugt er getur hún hæglega borist í menn og er þá ólæknandi og dregur fólk til dauða. Hún finnst reyndar í frosnu kjöti einnig.



**SAH Afurðir ehf.**

Húnabraut 39  
540 Blönduós  
ICELAND

Sími/Tel: (+354) 455 2200  
Fax: (+354) 455 2201

E-mail: [sah@sahun.is](mailto:sah@sahun.is)  
[www.sahun.is](http://www.sahun.is)

Kennitala: 590106-0700  
Vsknr. 89270

- Matvælastofnun er í raun sett sjálfðæmi um eftirlitskostnað, þar sem t.d. í 25 gr. er sagt:

*„Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu matvælafyrirtæki greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við matvælaeftirlitið:*

- a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,*
- b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalds, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar, svo sem af bókhalds- og verkskráningarkerfi,*
- c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.“*

Eftirlitskostnaði er velt á matvælaiðnaðinn. Matvælastofnun er í raun í sjálfsveld sett hvað eftirlitið kostar, sagt er að greinarnar eigi að borga raunkostnað við eftirlit, en hingað til hefur Matvælastofnun ekki getað sýnt fram á hver raunkostnaður er. M.a. á iðnaðurinn að greiða kostnað við þjálfun og þjálfunarferðir starfsmanna stofnunarinnar, ásamt verkskráningarkerfi og bókhaldskerfi. Enginn hvati er í frumvarpinu til að lágmarka eftirlitskostnað, aðeins sagt að iðnaðurinn eigi að greiða raunkostnað. Hvert leiðir það okkur?

### **Niðurstaða**

Verði þetta frumvarp að lögum með óbreyttum forsendum, þ.e. minnkandi tollvernd og auknum tilkostnaði, kollvarpar það íslenskum kjötiðaði og grunnframleiðslu kjöts. Ljóst má vera að íslenskur landbúnaður og landbúnaðarvinnsla mun aldrei geta keppt við landbúnað í ESB þar sem kostnaðarmyndun er allt önnur og hagfelldari í ESB.

Því hefur verið haldið fram að það sé nauðsynlegt að samþykkja þetta frumvarp til að tryggja aðgang fyrir íslenskan fisk á ESB markað. Er það svo? Er ESB tilbúið til að leggja tolla á íslenskan fisk og stuðla þar með að hærra fiskverði í löndum sambandsins á sama tíma og matvælaverð er á hraðri uppleið, til þess eins að koma nokkrum tonnum af kjöt, sem ekki er til of mikið af í ESB, inná þann örmarkað sem Ísland er?

Það er ljóst að fyrst eftir að innflutningur verður leyfður lækkar verð á kjöti og kjötvörum. Hvorki íslenskir bændur né afurðastöðvar og kjötvinnslur hafa möguleika til að mæta þeirri lækkun. Afleiðingarnar verða viðamiklar uppsagnir og búseturöskun, þar sem víða eru afurðastöðvar og kjötvinnslur undirstaða atvinnulífs á viðkomandi svæðum.



## SAH Afurðir ehf.

Húnabraut 39  
540 Blönduós  
ICELAND

Sími/Tel: (+354) 455 2200  
Fax: (+354) 455 2201

E-mail: [sah@sahun.is](mailto:sah@sahun.is)  
[www.sahun.is](http://www.sahun.is)

Kennitala: 590106-0700  
Vsk.nr. 89270

Þegar innlend framleiðsla hefur nánast lagst af hækkar verð aftur, og nær einhverju jafnvægi. Það er einfelldningsskapur að halda því fram að verðlag þessara vara verði eitthvað annað en verðlag, húsganga, bíla, fata eða annarra neysluvara. Verðlag tekur mið af kaupgetu fólks hvort heldur sem um er að ræða matvörur eða aðrar vörur. Því mun það leiða að sjálfu sér að annaðhvort lækka laun og ráðstöfunartekjur í átt til meðaltals ESB eða innfluttar vörur verða áfram á verði sem tekur mið að kaupgetu. Þetta á þó aðeins við eftir að búið er að ganga af innlendri framleiðslu dauðri.

**Ábyrgð þingmanna er mikil í þessu máli og með ólíkindum ef þingmenn veita þessu frumvarpi brautargengi án þess að búið verði að leggja mat á afleiðingar þess fyrir framleiðslu og úrvinnslu íslenskra landbúnaðarvara. Geta þingmenn tekið upplýsta ákvörðun án þess að þær upplýsingar liggi fyrir? Ársverk hjá SAH Afurðum eru rétt um það bil 60, starfsmenn í dag eru um 40, innleggjendur hjá félaginu voru 724 árið 2007**

**Það er krafa SAH Afurða ehf. að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað til haustþings, og sumarið notað til að leggja mat á afleiðingar þess á íslenskan kjötmarkað. Einnig má hugsa sér að unnið yrði að reglugerðum til stuðnings frumvarpinu og reynt að finna leiðir til þess að tryggja að frumvarpið gangi ekki frá íslenskri kjötframleiðslu og úrvinnslu dauðri, t.d. með endurskoðun á tollvernd. Í því sambandi væri rétt að horfa til fordæmis í Noregi.**

F.h. SAH Afurða ehf.  
Sigurður Jóhannesson